

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1988

Nr. 212

516

27. apríl 1988

SAMÞYKKT

um breyting á gjaldskrá nr. 109/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði sbr. 3. tl. 6. gr. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Fjórdá grein orðist svo:

Fyrir nýju rekstrarleyfi skv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skal greiða leyfisgjaldið við afhendingu leyfisbréfs, sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 300.
2. flokkur	kr. 2 600.
3. flokkur	kr. 3 250.
4. flokkur	kr. 3 900.
5. flokkur	kr. 4 050.
6. flokkur	kr. 5 200.

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

2. gr.

Fimmta grein orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 109/1984, skal árlega greiða eftirlitgjöld sem hér segir:

1. flokkur	kr. 7 800.
2. flokkur	kr. 15 600.
3. flokkur	kr. 22 100.
4. flokkur	kr. 29 900.
5. flokkur	kr. 40 300.
6. flokkur	kr. 50 700.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands, sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984, sbr. og reglugerð nr. 191/1985, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.